

# Brottfall úr háskólanámi

## Inngangur

- Ástæður fyri því að fólk hættir í háskólanámi.
  - Ytri ástæður - aðstæður og umhverfi fólks
    - Námshlé - Þau sem taka sér hlé frá námi eru líklegri til að hætta í námi en önnur.
    - Menntun nákominnna - Þau sem eru í nánnum tengslum við háskólamenntað fólk eru líklegri til að ljúka háskólanámi sjálf.
    - Menningarmunur - Þau sem koma úr umhverfi þar sem ekki er mikil áhersla á mikilvægi menntunar eru ólíklegri til að klára háskólanám.
    - Fjárhagsleg staða - Fátækt er líkleg til að valda því að fólk klárar ekki háskólanám.
    - Atvinna - Þau sem þurfa að vinna með námi eru ólíklegri til að klára háskólanám.
    - Félagslegar aðstæður - Þau sem búa við slæmar félagslegar aðstæður, óöryggi, fíkn, ógnun, sjúkdóma o.s.frv. eru ólíklegri til að klára háskólanám.
  - Innri ástæður - persónugerð og einkenni einstaklinga
    - Námsframmistaða - Þau sem hafa staðið sig vel í námi eru líklegri til að klára háskólanám.
    - Andleg heilsa - Þau sem eiga við slæma andlega heilsu að stríða hætta frekar í háskólanámi en önnur.
    - Markmiðssetning - Þau sem setja sér skýr markmið með námi eru líklegri en önnur til að klára það.
    - Sjálfsmynd - Fólk sem hefur sterka sjálfsmynd er líklegra en annað til að klára háskólanám.

*Inngangur rannsóknaráætlunar er það sem er síðan notað sem uppistaða fræðilegs kafla í lokaverkefninu. Í rannsóknaráætluninni þarf ekki að vitna í heimildir en þess þarf í lokaverkefninu sjálfu.*

## Rannsóknarspurning og tilgátur

*Hér setjum við fram rannsóknarspurninguna okkar og tilgátur. Þetta verður svo væntanlega lokaorðin í Innganginum/fræðilega kaflanum í lokaverkefninu. Ath. ekki þarf nauðsynlega að setja fram tvær tilgátur, þær geta verið fleiri eða færri, en tilgáturnar stýra því nokkuð hvað við spyrjum viðmælendur okkar um.*

### Dæmi:

Rannsóknarspurningin sem reynt verður að svara er hvaða ástæður eru fyrir því að fólk hættir í háskólanámi. Til að svara rannsóknarspurningunni verða eftirfarandi tilgátur prófaðar:

T1: Helsta ástæða þess að fólk hættir í háskólanámi er óöryggi, annað hvort í ytri eða innri aðstæðum fólks.

T2: Fólk sem hefur staðið sig vel í námi í grunn- og framhaldsskóla er ólíklegra til að hætta í háskólanámi en þau sem hafa ekki staðið sig vel.

### Aðferð:

*Hér kemur fram hvernig á að framkvæma rannsóknina, hvert þýðið og úrtakið er, hvaða aðferð á að beita, hvaða útbúnað á að nota og hvernig á að framkvæma rannsóknina. Þessi kafli í rannsóknaráætluninni verður svo uppistaðan í aðferðakaflanum í lokaverkefninu.*

### Dæmi:

Þýði rannsóknarinnar er fólk sem hefur hætt í háskólanámi. Rætt verður við tvær konur og einn karl á aldrinum 39 til 49 ára.

Rannsóknin er eigindleg viðtalsrannsókn. Notast verður við snjóboltaúrtak þar sem hver viðmælandi bendir á næsta.

Útbúinn verður viðtalsrammi í ritvinnsluforriti og tekin u.þ.b. 30 mínútna viðtöl við viðmælendur, viðtölin verða hljóðrituð á síma og unnin upp úr þeim þemagreining í ritvinnsluforriti. Upptökum verður eytt í lok rannsóknarinnar.

## Tímaáætlun:

Hér setjum við fram hvenær á að framkvæma ákveðin atriði í rannsókninni.

Viðfangsefni	Vika 1-3	Vika 4-7	Vika 8-10	Vika 11-13	Vika 14-16
Finna og hafa samband við viðmælendur	X				
Finna heimildir og glósa úr þeim. Búa til heimildaskrá	X				
Skrifa fræðilegan kafla og aðferðakafla	X				
Búa til viðtalsramma		X			
Taka viðtöl við viðmælendur		X			
Vinna úr viðtölum og þemagreina			X		
Vinna úr þemagreiningu og skrifa niðurstöðukafla			X		
Skrifa umfjöllun				X	
Lokafrágangur, skrifa útdrátt, ganga frá viðaukum og skil					X